
Höskuldur Þórhallsson (Hovedindlæg)

Virðulegi forseti. Í október árið 2011 átti flokkahópur miðjumanna frumkvæði að því að norrænu ríkisstjórnirnar mundu gefa árlega skýrslu um fyrirhugað samstarf þeirra í tengslum við Evrópusambandið. Nú hefur þessi skýrsla verið gefin út öðru sinni og það jákvæða er að okkur virðist vera meiri vilji til norrænnar samvinnu í tengslum við ESB og ekki er hægt að kvarta yfir því að einhvers konar norræn blokk væri skaðleg eins og kom fram í umræðunni þegar miðjumenn kynntu hugmyndina upphaflega árið 2009. Ég fagna því sem Alexander Stubb sagði áðan um að í raun stæði ekkert í vegi fyrir auknu norrænu samstarfi. Ég vona að við getum öll sammælst um það núorðið að það hlýtur að koma í hlut Norðurlandaráðs að knýja á um skýrari og árangursríkari sameiginlegar aðgerðir í þessum málum. Markmiðið með norrænni samvinnu í tengslum við ESB er að standa vörð um hagsmuni Norðurlanda. En til þess að svo megi verða þarf pólitískur vilji að vera til staðar. Það getur skipt gríðarlegu máli fyrir hagsmuni Norðurlanda að norræn hugsun sé til staðar þegar ákvarðanir eru teknar í Evrópumálum. Því miður skorti aðeins á það í umræðum um fiskveiðikvóta Atlantshafssíldarinnar. Framkvæmdastjórn ESB ákvað í ágúst viðskiptaþvinganir gagnvart Færeyjum en það jákvæða er að Svíþjóð og Finnland lýstu því yfir, eftir að þau sátu hjá í atkvæðagreiðslunni í málinu, að þau hefðu hegðað sér í samræmi við anda Helsingfors-samningsins, því miður án árangurs. Við erum að sjálfsögðu öll sammála um að við eigum að stunda sjálfbærar og ábyrgar veiðar en hættan er, eins og dæmin sýna, að það sem gerðist varðandi Atlantshafssíldina geti gerst í fleiri málum. Ég óttast að það geti haft áhrif á sjálfsákvörðunarrétt okkar um nýtingu á náttúruauðlindum. Við getum því miður ekki tekið þá áhættu að okkur séu gefin fyrirmæli utan að frá um hvenær og hvernig við nýtum náttúruauðlindir okkar. Ég vona svo sannarlega að við náum samstarfi um mál af þessu tagi

í framtíðinni og sýnum meiri fyrirhyggju í þessum málum.

Skandinavisk oversettelse

Ærede præsident. I oktober 2011 tog Midtergruppen initiativ til, at de nordiske regeringer fremlagde årlige rapporter om deres samarbejdsplaner i forhold til EU. Nu udkommer denne rapport for anden gang, og efter vores opfattelse er det glædeligt, at der ser ud til at være en større vilje til et nordisk samarbejde i forhold til EU end tidligere, og at man ikke kan klage over, at en form for nordisk blok skulle være skadelig, sådan som det fremgik af debatten, da Midtergruppen præsenterede forslaget første gang i 2009. Jeg hilser det, som Alexander Stubb sagde tidligere, velkomment – at der faktisk intet er til hinder for et øget nordisk samarbejde. Jeg håber, at vi allesammen efterhånden kan være enige om, at det må være op til Nordisk Råd at lægge et pres om større tydelighed og effektivitet, når det gælder fælles initiativer på dette område. Målet med et nordisk EU-samarbejde er at værne om Nordens interesser. Men for at dette kan lykkes, kræves der en politisk vilje. Det kan være ret afgørende for Nordens interesser, at en nordisk tankegang er repræsenteret, når der træffes beslutninger i EU-anliggender. Desværre var dette ikke helt tilfældet, da fordelingen af kvoterne på Atlanterhavssilden blev forhandlet. Europa-Kommissionen traf i august en beslutning om at indføre handelssanktioner mod Færøerne, men det glædelige var, at Sverige og Finland erklærede, efter at de havde undladt at stemme, at de handlede i overensstemmelse med Helsingfors-aftalen, dog forgæves. Vi er selvfølgelig alle sammen enige om, at vores fiskeri skal være bæredygtigt og ansvarligt, men der er fare for, ligesom eksemplerne har vist, at det, som skete med Atlanterhavssilden, også kan ske i flere sager. Jeg frygter, at dette kan påvirke vores suverænitet når det gælder udnyttelse af naturressourcer. Vi kan desværre ikke tage den risiko, at vi ender med at skulle modtage ordrer udefra om, hvornår og hvordan vi kan udnytte vore egne naturressourcer. Jeg håber sandelig, at vi fremover kan få et samarbejde i stand om sådanne sager, og at vi kan vise en større omtanke på dette område.

Information

Talenummer

225

Type

Hovedindlæg

Person

[Höskuldur Þórhallsson](#)

Talerverole

Midtergruppens talsperson

Dato

30.10.13 18:19

--